

M-41/2010 Álit 27. apríl 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. apríl 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-41/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann segir vera á sjónvarpi sem hann hafi keypt hjá Y 25. febrúar 2007. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi geri við tækið sér að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 26. mars sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 12. apríl. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 19. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt umrætt sjónvarpstæki sem sé af gerðinni A af Y 25. febrúar 2007. Hinn 5. mars sl. hafi hann sett tækið í viðgerð vegna örðugleika við að kveikja á því. Tveimur dögum seinna hafi verið haft samband við sig af viðgerðaraðilanum og sér sagt að myndskjáriinn (LCD) væri ónýtur, um hann þyrfti að skipta sem kostaði kr. 50.000. Sér hafi verið sagt að hafa samband við verslunarstjórnann hjá Z og hafi sá sagt sér 15. mars sl. að hann fengi viðgerðina á kr. 25.000. Því boði kveðst álitsbeiðandi hafa hafnað.

Álitsbeiðandi kveðst vera rafeindateknifræðingur með áratuga starfsreynslu af þjónustu við tölvumarkaðinn og það segi sér að bilun í myndlampa eftir þriggja ára notkun verði ekki nema um vörugalla sé að ræða. Þessi hlutur sé ekki hreyfanlegur sem slitnað geti við notkun og sjónvarpið hafi hangið upp á vegg í þurru og góðu húsnæði. Myndskjáiir eigi að endast mun lengur en í þau 5 ár sem kvörtunarfresturinn segi til um.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi sjónvarpið sem ágreiningurinn stendur um 25. febrúar 2007. Í því bilaði myndlampi 5. mars sl.

Kæruneftndin álitur að sjónvarp af því tagi sem hér um ræðir eigi að endast lengur en í rétt rúm þrjú ár án þess að á því komi fram galli af því tagi sem álitsbeiðandi lýsir.

Það er álit kæruneftdarinnar að fella verði ábyrgð seljanda á söluhlutnum undir 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. svokallaða fimm ára reglu, og því sé um að ræða galla sem seljandi beri að bæta úr. Kæruneftndin álitur því að seljanda sé skylt samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 að gera við sjónvarpstæki álitsbeiðanda honum að kostnaðarlausu, eins og krafa hans stendur til, og koma því í fullkomið lag. Úrbætur eiga fara fram samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 30. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. innan hæfilegs tíma sem kæruneftndin telur vera í síðasta lagi 12. maí nk.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að koma í fullkomið lag sjónvarpstæki því, sem X keypti af fyrirtækinu 25. febrúar 2007, eigi síðar en 12. maí nk.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir